

Samningur milli Ísafjarðarbæjar og Knapaskjólshf.

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði og Knapaskjólshf., kt. 660406-3010, Völusteinsstræti 6, 415 Bolungarvík, gera með sér svohljóðandi samning um þjónustu kaup:

1. gr.

Þjónustukaup og greiðslur

Knapaskjólshf. skuldbindur sig til að veita Ísfjarðarbæ þá þjónustu að Ísafjarðarbær fái aðgang að allt að 130 tímum á ári í reiðhöllinni á Söndum, Dýrafirði, auk þess að útvega Ísafjarðarbæ hesta til notkunar í þeim tímum. Ísafjarðarbær skuldbindur sig til að greiða Knapaskjólshf. kr. 500.500,- á ári fyrir þessa þjónustu.

Skólar í Ísafjarðarbæ hafa heimild til að nýta sér aðganginn fyrir nemendur sína, kennara og/eða gesti.

2. gr.

Úthlutun

Forsvarsmenn Knapaskjólshf. skulu hafa frumkvæði að samskiptum við skólana og er sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs tengiliður Knapaskjólshf. við Ísafjarðarbæ.

3. gr.

Gildistími

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2018 og gildir til 31. desember 2022. Ísafjarðarbær skal tilkynna Knapaskjólshf. fyrir 31. desember ár hvert ef bæjarstjórn ákveður að kaupa ekki þjónustu skv. 1. gr. samnings þessa á komandi ári eða kaupa færri tíma sem myndi leiða til lægra þjónustugjalds. Knapaskjólshf. á ekki kröfu á Ísafjarðarbæ á greiðslu skv. 1. gr. samnings þessa og/eða rétt á bótum þótt greiðslur Ísafjarðarbæjar til Knapaskjólshf. þrátt fyrir framangreint.

4. gr.

Almenn ákvæði

Rísi mál útaf samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi skal gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila, og undirritaður í votta viðurvist.

Ísafirði, _____ 2018

f.h. Knapaskjólshf.

f.h. Ísafjarðarbæjar